



4. stjórnarfundur HSV starfsárið 2023-2024. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, mánudaginn 18. desember, 2023 kl. 16:30.

Mætt eru Anton Helgi Guðjónsson, Hjördís Þráinsdóttir, Ingibjörg Elín Magnúsdóttir, Magnús Þór Bjarnason, Sigurður Óli Rúnarsson og Dagný Finnbjörnsdóttir sem ritar fundargerð.

1. Úthlutunarreglur

Reglur Ísafjarðarbæjar um styrkveitingu og úthlutun tíma í íþróttamannvirkjum og íþróttasvæðum til íþróttafélaga og almennings hafa farið fyrir Íþrótt- og tómstundanefnd þar sem þær voru til umræðu, formaður nefndar lagði til að reglurnar yrðu kynntar fyrir íþróttahreyfingunni og notendum mannvirkja og óskað eftir athugasemdum. Úthlutunarreglur hafa verið kynntar fyrir stjórn HSV, stjórn felur framkvæmdastjóra að senda þær til íþróttafélaga í byrjun nýs árs til umsagnar.

2. Skrifstofa

Nýr samningur HSV og Ísafjarðarbæjar hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, samningur hefur ekki verið undirritaður en vegna fyrirhugaðra breytinga hefur verið sagt um leigu á skrifstofu HSV, uppsagnarfrestur er út mars 2024.

3. Íþróttaskóli

Þriðjudaginn 19 desember á framkvæmdastjóri fund með sviðstjóra skóla- og tómstundasviðs þar sem farið verður nánar yfir praktísk atriði hvað varðar íþróttaskólann og starfsemi á skrifstofu HSV. Framkvæmdastjóri mun sinna starfi þar til nýr starfsmaður tekur við starfi íþróttafulltrúa.

4. Ársþing HSV

Fest niður dagsetning á ársþingi HSV, hvetur stjórn HSV aðildarfélög til að vinna skýrslur sínar með faglegum hætti og virða skilafresti. Ársþing verður haldið þriðjudaginn 7 maí. Aðildarfélög skulu boða stjórn HSV á aðalfundi og boða aðalfundi sína með löglegum hætti.